

Lög

um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „56%“ í a-lið 1. mgr. kemur: 82%.
- b. B-liður 1. mgr. fellur brott.
- c. D-liður 1. mgr. fellur brott.
- d. 4. mgr. orðast svo:

Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið skulu gera með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „Ríkisútvarpinu“ í 1. másl. 4. gr. laganna kemur: menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar er heimilt að skipa verkefnavalsnefnd um verkefni hljómsveitarinnar. Stjórnin ákveður nánar um skipulag og hlutverk nefndarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 23. janúar 2007.